



**EF ÞÚ BÝRÐ VIÐ FORRÉTTINDI
ER ÞÁ EKKI EINHVER BEITTUR
MISRÉTTI?**

Auður Magnís Auðardóttir
Embla Guðrúnar Ágústsdóttir

Í DAG:

- Kynning, hvernig er að tilheyra tveimur jaðarsettum hópum?
- Lestur forréttindalista
- Umræður í hópum og öll saman
- Samantekt: Hvernig gerumst við bandamenn?

„Mikið ertu dugleg“

„Vill hún poka?“

„Er þetta ekki erfitt?“

„Rosalega ertu fín!“ - „Þú bara máluð og allt“

„Hefurðu átt kærasta?“

„Hver hugsar um þig?“

„Mikið eru þið góðar við hana að leyfa
henni að koma með á djammið“

„Það er svo gefandi að hafa þig með í tímanum“

Hjá heimilislækninum

„Ert þú mamman?“

„Þú ert ekkert sofa hjá strákum er það? Neeei heehh...“

ABLEISMI

- Einkennist af þeirri hugmynd að það þurfi að *laga fatlað fólk og að það geti ekki fúnkerað* sem þátttakendur og áhrifavaldar í samfélaginu.
- Felur í sér *hugmyndir, ferli og aðgerðir sem snúa að ófötluðum líkómum sem fullkomnum, hefðbundnum, æskilegum og þ.a.l. mennskum.*
- Líkamar fatlaðs fólks eru álitnir *viðfang* og verða því eins konar *almenningsseign*.
- *Ófatlað fólk tákn um heilbrigðan líkama, eðlilegan huga og greind. Það hefur jafnframt tilfinningar sem er viðurkennt að tjá.*
- Fötlun tákn um *ómennsku*.



BIRTINGARMYNDIR ABLEISMA Í SAMFÉLAGINU

- Óaðgengilegt umhverfi
- Ófötluð stjórnarsýsla
- Lög sem brjóta mannréttindi
- Óaðgengilegar upplýsingar og óaðgengilegir fjölmiðlar
- Útilokandi tækni
- Ófullnægjandi samgöngur
- Skortur á viðeigandi húsnæði
- Aðgreining
- Ósýnileiki fatlaðs fólks



AÐ INNBYRÐA ABLEISMA

„Vondar minningar, niðurlæging, skömm og erfiðar tilfinningar koma sér fyrir innra með okkur, ná yfirhöndinni og breytast í verkfæri sem við notum, síendurtekið, til þess að meiða okkur sjálf.“ –
Micheline Mason, fötluð kona.

- Sálrænar afleiðingar ableisma ekki viðurkenndar sökum “victim blaming” (þolendaskömm).
- Fatlað fólk áttar sig oft ekki á að því er mismunað eða að það er að verða fyrir fordómum því það er svo hversdagslegt og það hefur fá tækifæri til þess að spegla sig í öðrum í sambærilegri stöðu.




BIRTINGARMYNDIR ABLEISMA Í LÍFI FATLAÐS FÓLKIS

- Yfirgengilegt þakklæti yfir sjálfsögðum hlutum
- Að vera stöðugt að afsaka sig
- Að fela skerðingu sína því hún veldur skömm
- Að lágmarka áhættur og draga sig í hlé
- Að ganga langt, jafnvel gegn eigin sannfæringu, til þess að ögra staðalímyndum
- Að gera litlar kröfur til hins opinbera
- Að gera lítið úr og draga í efa upplifun af fordómum, ofbeldi og mismunun.
- Að upplifa sig ógeðslega/n, óaðlaðandi, óeftirsóknaverða/n
- Ótti um framtíðina vegna skertra tækifæra
- Að upplifa sig sem byrði á fjölskyldu og vinum
- Sjálfsvíg



AFLEIÐINGAR ABLEISMA

- Minni menntun
- Verri heilsa
- Meiri fátækt og félagsleg einangrun.
- Ótti við að leita sér læknishjálpar
- Sjálfshatur og slæm líkamsímynd
- Veikindi og slys sem hefði verið hægt að koma í veg fyrir
- **Ótímabær dauðsföll**



LESTUR FORRÉTTINDALISTANNA!


- Myndið 2-5 manna hópa
- Takið u.þ.b. 8 mínútur í að lesa hvern lista og ræðið:
 - Hvaða atriði kemur þér mest á óvart?
 - Hversu opinn er þinn starfsvettvangur/ þín félagasamtök?
 - Hvernig mætti opna þinn starfsvettvang / þín félagasamtök betur fyrir ólíku fólki?
 - Hafðu í huga að það er þeirra sem hafa forréttindin að opna áður lokaðan vettvang. Ekki einblína á hvað fólkið sem er í jaðarsettum hópum gæti gert til að dyrnar opnast fyrir þeim.

HVAÐ SVO – HVERT ER NÆSTA SKREF?



FORRÉTTINDAMEÐVITUND Í DAGLEGU LÍFI

- Bandamaður er manneskja sem tilheyrir ekki tilteknum jaðarsettum hópi en tekur á virkan hátt afstöðu með hópnum. Til dæmis hvít manneskja sem vinnur á móti rasisma eða gagnkynhneigð manneskja sem vinnur á móti gagnkynhneigðarhyggju og hómófóbíu.



HVERNIG VIRKA SVONA BANDALÖG?

13

- Helldu þér út í þann eiflíðarlærdóm sem það að vera bandamaður krefst. Lestu þér til, opnaðu augun og eyrun fyrir upplifun þeirra sem ekki hafa forréttindi þín.
- Ekki verða bandamaður með það að markmiði að hjálpa eða redda málunum. Það að vera bandamaður snýst ekki um vorkunn eða miskunnsemi heldur virðingu, hlustun og auðmýkt fyrir sérfræðipækkingu þeirra sem eru ekki í þínum sporum.



- Leggðu þig fram við að læra um hvernig forréttindi þín hafa skapað þér tækifæri í lífinu.
- Virtu sérþekkingu og reynslu þeirra sem tilheyra jaðarsettum hópum.
- Taktu opinberlega afstöðu með fólki sem tilheyrir jaðarsettum hópum samfélagsins og leggðu þig fram við að mæta þörfum þeirra.


- En ég kúga ekki konur! Ég er ekki með neina gagnkynhneigðarrembu! Ég vil öllu fötluðu fólki vel... og mér finnst óþægilegt þegar rætt er um að hvítt millistéttar gagnkynhneigt ófatlað karlkyns fólk hafi völd og sé að kúga aðra. Getum við ekki bara reynt að vera vingjarnleg við hvort annað?



- Persónuleg ábyrgð karla á misrétti felst fyrst og fremst í því að taka ábyrga afstöðu þegar það á við í eigin lífi, t.d. með hegðun á vinnustað, en ekki að taka á sig skömmina af öllu sem er vont í samskiptum kynja í samfélaginu. Ábyrgðin er pólitískis eðlis og sé hún tekin of persónulega gætu viðbrögðin einkennst af sektarkennd og afneitun [...] Persónulega ábyrgðin felst í því að beita sér fyrir því að leikreglurnar geri körlum og konum jafnhátt undir höfði og að farið sé eftir þeim. [...] Á þeim vettvangi hvílir á okkur körlum langmesta ábyrgðin; það er ekki réttlætanlegt að við tökum þátt í að viðhalda kerfi sem bitnar á einhverjum
- Ingólfur Ásgeir Jóhannesson – karlmennska og jafnréttisuppeldi

- Persónuleg ábyrgð gagnkynhneigðs fólks á misrétti felst fyrst og fremst í því að taka ábyrga afstöðu þegar það á við í eigin lífi, t.d. með hegðun á vinnustað, en ekki að taka á sig skömmina af öllu misrétti sem hinsegin fólk verður fyrir í samfélaginu. Ábyrgðin er pólitísk eðlis og sé hún tekin of persónulega gætu viðbrögðin einkennst af sektarkennd og afneitun...

Your
Comfort
Zone



Where the
magic happens